



Alþingi
Erindi nr. P 140/744
komudagur 9.12.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. desember 2011

1112018SA GB

Málalykill: 40

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um sjúkratryggingar, 359. mál

Velferðarráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi á Alþingi um breytingar á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum. Þar sem skammt er eftir af haustþingi og málið er komið til afgreiðslu í velferðarnefnd telur Samband Íslenskra sveitarfélaga rétt að koma að eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

Markmið frumvarpsins er að framlengja frest Sjúkratrygginga Íslands til þess að ljúka gerð samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins, svo og sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili. Upphaflega var gert ráð fyrir að gerð þessara samninga, sem kveðið er á um í IV. kafla laganna, yrði lokið fyrir 1. janúar 2010 en sá frestur hefur þegar verið framlengdur tvívegis. Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að fresturinn verði enn lengdur um tvö ár en ekki kemur fram í skýringum við frumvarpið hvort eitthvað hefur verið unnið að þessu verkefni á vegum Sjúkratrygginga Íslands.

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur þá frestun sem nú er lögð til vera ávísun á mikil vandamál í tengslum við fyrirhugaða tilfærslu þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga. Einkum hefur sambandið áhyggjur af því að ekki sé áformað að gera þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og aðra aðila á einkaréttarlegum grundvelli sem annast rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila. Reynsla sveitarfélaga af tilfærslu þjónustu við fatlað fólk er að það getur verið mjög tímafrekt að ganga frá þjónustusamningi við slíka aðila og er það áhyggjuefni ef ætlunin er að bíða með slíka samningsgerð þar til sveitarfélögin hafa tekið við ábyrgð á þjónustu við aldraða.

Að áliti sambandsins er brýnt að setja af stað sérstakt átaksverkefni í tengslum við þá vinnu sem nú er nýhafin um tilfærslu þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga, með það að markmiði að ljúka gerð samninga við allar sjálfseignarstofnanir sem annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir 1. janúar 2014. Sambandið styður því ekki lögfestingu umrædds frumvarps.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri